

AUGLÝSING

**um breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010,
Ekkjufellssel, Fljótshéraði.**

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998-2010 frá 31. ágúst 2001.

Breytingin felst í því að 14,6 ha landbúnaðarsvæði á Selhöfða í landi Ekkjufellssels breytist í iðnaðarsvæði (I-16) þar sem gert er ráð fyrir 8 iðnaðarlóðum. Efnistökusvæði (E-15) nær inn á svæðið að hluta og verður það starfrækt áfram en minnkar úr 5 ha í 3 ha. Tvær vegtengingar verða inn á svæðið og er önnur þeirra ný.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 17. febrúar 2009